



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ármann Kr. Ólafsson
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 10. júní 2021.
Málsnr. 1912001
PBG/HH

Efni: Stjórnsýsla byggðasamlaga

Á 525. fundi stjórnar SSH, hinn 7. júní 2021, var stjórnsýsla byggðasamlaga til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Á 524. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað í fundargerð:

„Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu starfshópsins um að stefnuráði verði komið á fót skv. þeim tillögum sem fram koma í minnisblaði starfshópsins frá 8. apríl 2021. Til viðbótar þeim tillögum sem þar liggja fyrir er lagt til að mat fari fram á fyrirkomulagi og árangri þess að tveimur árum liðnum. Lagt er til að formennska í ráðinu verði á höndum formanns stjórnar SSH og borgarstjóra. Þá skuli framkvæmdastjóri SSH starfa með ráðinu. Haldinn verði kynningar- og umræðufundur fyrir kjörna fulltrúa um tillögur starfshópsins og næstu skref föstudaginn 7. maí nk. Þá er skrifstofu SSH falið að hefja undirbúning að erindisbréfi ráðsins, breytingum á stofnsamningum byggðasamlaganna og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna framgangs málsins. Þau gögn verði kynnt stjórn SSH, rafrænt eða á fundi stjórnar, og í kjölfarið send hlutaðeigandi sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu ásamt beiðni um tilnefningu í stefnuráðið.“

Fyrirliggjandi eru drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs., þar sem m.a. er kveðið á um skipan, hlutverk og umboð stefnuráðs, stefnuþing byggðasamlaga og bráðabirgðahlutverk stefnuráðs. Gerð er tillaga um að fyrirliggjandi viðaukar verði sendir til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Jafnframt er SSH falið að óska eftir tilnefningu sveitarfélaganna í stefnuráð en tilnefningar skulu hafa borist eigi síðar en 15. ágúst nk.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að senda drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt verði beiðnir um tilnefningar á fulltrúum í stefnuráð sendar sveitarfélögunum en tilnefningar skulu liggja fyrir 15. ágúst nk. Málinu verði fylgt eftir með kynningu óski sveitarfélögin þess.


Á grundvelli framangreinds er óskað eftir því að meðfylgjandi viðaukar við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. verði teknir til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Verði framkvæmdastjóra þess falið ótakmarkað umboð til þess að undirrita viðaukana. Upplýsingar um afgreiðslu málsins óskast sendar á ssh@ssh.is.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Jafnframt er óskað tilnefninga sveitarfélagsins á fulltrúum í stefnuráð byggðasamlaganna í samræmi við meðfylgjandi viðauka, þ.e. tveimur fulltrúum, fjórum í tilviki Reykjavíkurborgar, frá hverju þeirra, auk framkvæmdastjóra viðkomandi sveitarfélags. Tilnefningar skulu hafa borist SSH, í netfangið ssh@ssh.is, eigi síðar en 15. ágúst nk., en miðað er við að stefnuráð taki til starfa í september.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

- a) Minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings SSH, dags. 4. júní 2021.
- b) Drög að viðauka við stofnsamning Strætó bs.
- c) Drög að viðauka við stofnsamning Sorpu bs.
- d) Minnisblað með tillögum starfshóps, dags. 8. apríl 2021.
- e) Viðauki 1 - Myndir.
- f) Viðauki 2 - Yfirlit yfir leiðir A og B við skipan stefnuráðs.
- g) Viðauki 3 - Glærur Strategíu á fundum starfshópsins.
- h) Viðauki 4 - Fundargerðir starfshóps um stjórnsýslu byggðasamlaga.